

## SVEINSPRÓF Í PRENTSMÍÐ

Starfsgreinaráð í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum tilnefnir eftirtalda í sveinsprófsnefndir í ljósmyndun, prentsmíði, prentun og bókbandi frá maí 2020 til maí 2024 og er sveinsprófsnefnd í prentsmíð skipuð eftirtöldum:

### Aðalmenn:

Porgeir Valur Ellertsson  
Erna Kristjánsdóttir  
Ingibjörg Steindórsdóttir

### Varamenn:

Anna Helgadóttir  
Guðmundur Ásmundsson  
Gunnar Bjarni Guðmundsson

## STARFSREGLUR OG FRAMKVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

## KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd heldur kynningarfund um framkvæmd og starfsreglur sveinsprófa tveimur vikum fyrir sveinspróf. Þar fá væntanlegir próftakar allar þær upplýsingar sem þeir þurfa og geta þá lagt fyrir spurningar um þau atriði sem eru óljós. Próftakar fá upplýsingar um kynningarfundinn í svarbréfi um próftöku.

## PRÓFSTAÐUR

Skriflegi og verklegi hluti prófsins fer fram í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs, Vatnagörðum 20.

## AÐSTAÐA

Sveinspróf í prentsmíð fer fram í húsnæði IÐUNNAR við aðstaður sem sveinsprófsnefnd hefur tekið út og metið fullnægjandi.

Aðstaða sveinsprófsnefndar er í húsnæði IÐUNNAR.

*Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega.*

## PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinspróf skiptist í þrjá meginhluta: skriflegt, verklegt og munnlegt próf byggt á ferilbók. Próftaki verður að standast 50% úr hverjum hluta. Ef lágmarksárangri er ekki náð verður próftaka vísað frá áframhaldandi próftöku.

- Skriflegt próf 20%
- Verklegt próf 70%
- Munnlegt próf byggt á ferilbók 10%

Skriflegt próf er tekið áður en verklegt og munnlegt próf fer fram og er 90 mínútur. Verklega prófið er tekið á tveimur dögum og er munnlega prófið tekið samhliða því.

### SKRIFLEGT PRÓF

Skriflega prófið vegur 20% af meðaleinkunn í sveinsprófi. Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins. Vægi spurninga getur verið misjafnt en aldrei meira en 20%.

*Prófatími er ein og hálf klukkustund nema annað sé tekið fram.*

### MUNNLEGT PRÓF

Munnlega prófið vegur 10% og tekur að hámarki 20 mínútur. Spurt er úr ferilbók sem á að skila inn þegar mætt er á prófstað. Munnlegt próf er tekið á seinni prófdegi.

### VERKLEGT PRÓF

Prófið hefst á fyrir fram ákveðnum tíma sem hefur verið kynntur próftökum með fyrirvara og stendur prófið yfir tiltekinn fjölda klukkustunda samkvæmt verkefnalýsingu. Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd í efnisvali og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins.

Gert er ráð fyrir hæfilegu hádegishléi alla dagana. Próftakar fá hádegismat á staðnum og eiga ekki að yfirgefa próftökustað. Önnur hlé á meðan prófið stendur yfir eru samkvæmt ákvörðun prófnefndar.

Próftaki skilar verkefni sínu þannig að það uppfylli skilyrði sem kynnt hafa verið hverju sinni.

Verklega prófið skiptist í eftirfarandi verkþætti:

Prófpáttur	Nánari lýsing	Skilaform
<b>Bréfragögn (25%)</b>	Í þessu verkefni reynir á hönnunarhæfni próftaka. Verkefnið skiptist á þrjá þætti: Uppsetningu/hönnun á lógói, bréfsefni, nafnspjaldi, umslagi og eyðublaði. Hér er m. a. verið að kanna hvort próftaki hefur auga fyrir smekklegri hönnun ásamt því að þekkja staðlaðar stærðir á þessum verkefnum.	Próförk Tölvutækt
<b>Skoðun (15%)</b>	Í tölvu próftaka er búið að setja verkefni sem á að vera „tilbúið til prentunar“. Það er hlutverk nemans að skoða verkefnið og skrifa svo lýsingu á því sem hann finnur að því.	Lýsing á verkefni
<b>Tímarit (45%)</b>	Verkefnið felst í umbroti á opnu í tímariti samkvæmt lýsingu. Hér reynir á umbrot og hönnun, notkun stílsniða og annarra verkfæra í umbroti og hve vel neminn fer eftir fyrirmælum. Í verkefninu þarf að vinna ljósmyndir og teikningar. Setja þarf inn texta sem er að mestu leyti tilbúinn, þ.e.a.s. búið er að setja það textaskjal í tölvu próftaka. Próftaki þarf að kunna skil á íslenskum greinamerkjum.	Próförk Tölvutækt
<b>Vefbók (15%)</b>	Próftaki þarf að setja upp einfalda vefbók og vista út á viðeigandi hátt.	Vefbók á tölvuskjá

Próftaka ber að sýna snyrtimennsku og hreinlæti í umgengni og hann verður að ganga frá verkfærum og efni í lok dags. Persónulegt hreinlæti og snyrtimennska skal vera til fyrirmyndar.

## EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

## SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSKOÐUN

---

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en 14 dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófið hefur verið haldið. Prófskoðun sveinsprófs í prentsmíð fer fram að loknu sveinsprófi eigi síðar en 10 dögum eftir próf.

Um trúnanaðarskyldur og ábyrgð sveinsprófsnefndarmanna fer skv. reglugerð nr. 525/2000 um sveinspróf. Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti. Skriflegum úrlausnum er eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála gildir reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf.

### ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs minnst 10 mínútum fyrir próf.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt og munnlegt próf þremur dögum eftir auglýst próf.
- Leitast skal við að koma til móts við sérþarfir nemenda sem eiga við fötlun eða sértæka námsörðugleika að etja, sbr. ákvæði aðalnámskrár framhaldsskóla um frávik frá prófareglum. Frávik í sveinsprófum getur þó ekki leitt til þess að próftaki sé undanþeginn einstökum prófþáttum.
- Ef liggur fyrir staðfesting um námsörðugleika fær viðkomandi sveinsprófstaki úrræði við hæfi samkvæmt leiðbeiningum náms- og starfsráðgjafa.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við starfs- og námsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

*Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.*